

Umsögn íbúaráðs Kjalarness, dags. 14. mars 2024, um tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 – skotæfingasvæðið Álfsnesi.

Íbúaráðið vill ítreka vilja íbúa að skotsvæðinu í Álfsnesi verði fundin ný staðsetning hið fyrsta og jafnframt ítreka fyrri bókun frá 1. nóvember, lagt fram á 42. fundi þar sem sagt var:

1. Íbúaráðið gerir athugasemd við tímalengd breytingarinnar á aðalskipulagi það er álit ráðsins að 4 ár séu allt of langur tími fyrir íbúa að búa við þann hávaða sem hlýst af starfseminni.
2. Það þykir óviðunandi að mati ráðsins að aðilar ótengdir ÍSÍ svo sem Skotreyrn hafi aðgengi að aðstöðunni sem myndi auka enn frekar á það ónæði sem af starfseminni hefur hlotist. Það er augljóst að með því að veita aðilum ótengdum ÍSÍ aðgengi að aðstöðunni þá er starfsleyfi líklega það næsta í farvatninu. Íbúaráðið telur algerlega óviðunandi að starfsleyfum verði fjölgað.

Gert er ráð fyrir að mót séu haldin einu sinni í mánuði. Íbúaráð Kjalarness vill koma því sjónarmiði á framfæri að verði móti aflýst ef veður leyfir ekki mótahald verði óheimilt að halda slíkt mót á aðrar helgar. Með öðrum orðum að móthald falli einfaldlega niður þann mánuð ef veður hamli áætluðu mótahaldi. Slíkt veitir íbúum og öðrum sem nýta útivistarsvæði Esjunnar tækifæri til þess að sjá fyrir það ónæði sem hlýst af starfseminni í frítíma fólks.

Þá vill íbúaráðið koma á framfæri efasemdum íbúa um að hljóðmælingar séu framkvæmdar með upplifun íbúa/útvistarfólks að leiðarljósi, þar sem um meðaltalsmælingar er að ræða en ekki þegar hvað háværust er. Mætti því til rökstuðnings benda á að heyrn fólks byggir ekki á meðaltölum.